

Sp.

804. Breytingartillögur

[89. mál]

við till. til þál. um áhrif tölvuvæðingar á skólakerfi landsins.

Frá allsherjarnefnd.

1. 1. mgr. tillögugreinarinnar orðist svo:

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta kanna líkleg áhrif tölvuvæðingar á skólakerfi landsins og bendir sérstaklega á að fylgst verði með sérstakri rannsókn, sem nú er í undirbúningi um þetta efni á vegum menntarannsóknastofnunar OECD. Bæði verði kannað hver áhrifin muni verða á skólahaldið sjálft með aukinni tölvunotkun í skólum svo og hvaða kröfur tölvuvæðing í öllu athafna- og atvinnulífi gerir til skólakerfisins.

2. 2. mgr. tillögugreinarinnar orðist svo:

Reynt verði að meta í grófum dráttum, á hvaða sviðum þjóðlífsins tölvuvæðingin komi til með að hafa áhrif og í hvaða tímaröð þau áhrif muni koma fram. Bæði verði tekið tillit til þeirra, sem starfa munu með tölvum eða í tengslum við þær, og einnig til allra hinna, sem verða notendur tölvuefnis.